

# Starfsleyfisskilyrði fyri Skotfélagið Markviss vegna starfrækslu skotvallar á Blönduósi

## 1. Almenn ákvæði og gildis- og ábyrgðarsvið.

- 1.1 Starfsleyfisskilyrði þessi gilda um rekstur skotvallarins á Blönduósi. Heilbrigðisnefnd gefur út starfsleyfi til 12 ára sbr. ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og lið nr. 9.5 í fylgiskjali 2 í reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.
- 1.2 Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra hefur eftirlit með starfsemi Skotfélagsins Markviss samkvæmt ákvæðum framgreindra reglugerða auk reglugerðar nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit.
- 1.3 Skotfélagið Markviss ber ábyrgð á rekstri skotvallarins, þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina sé fylgt, sem og kröfum í starfsleyfisskilyrðum sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.
- 1.4 Endurskoða á að jafnaði starfsleyfisskilyrðin á fjögurra ára fresti. Jafnframt er heimilt að endurskoða starfsleyfið ef í ljós kemur að mengun eða ónæði vegna starfseminnar er meira en búast mátti við.
- 1.5 Starfsleyfishafi skal veita Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á starfseminni með góðum fyrirvara áður en í þær er ráðist. Sé um að ræða meiriháttar breytingu á rekstrinum eða breytingu sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati Heilbrigðisnefndar, ber rekstraraðila að sækja um starfsleyfi að nýju.

## 2. Ásýnd lóðar, lóðamörk og umhverfi.

- 2.1 Við reksturinn skal leitast við að lágmarka álag á umhverfið og halda góðri sátt við nágranna.
- 2.2 Skotfélaginu Markviss, er skylt að sjá um, að á öllu athafnasvæði þess sé gætt fyllsta hreinlætis. Allar vélar, tæki, hráefni og annað það er starfseminni tilheyrir og er vistað í húsnæði eða á lóð fyrirtækisins skal þannig frá gengið að ekki valdi óþrifum eða óþægindum fyrir nágranna. Allt hráefni s.s. skot, leirdúfur ofl. skal geymt í aflokuðum geymslum sbr. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.
- 2.3 Haga skal nýtingu lóðar í samræmi við samþykkt skipulag, virða lóðamörk og ekki geyma hluti á öðrum svæðum en skotfélagið hefur til afnota. Óheimilt er að geyma bílhræ og annan úrgang á þann hátt að valdið geti skaða, mengun eða lýtum á umhverfi, sbr. 4. mgr. 11. gr. reglugerðar nr. 737/2003, um meðhöndlun úrgangs.

## 3. Húsnæði og búnaður

- 3.1 Gólfhlötur salernisrýmis skal vera minnst 1,2 m<sup>2</sup> og 3,3m<sup>2</sup> fyrir hreyfihamlaða. Salerni skulu loftræst með opnanlegum glugga eða vélrænni loftræstingu. Við salernisaðstöðu skal vera handlaug með rennandi vatni, fljótandi sápu, einnota handþurrkum eða hitablæstri og ruslafötu.

#### 4. Almennar kröfur um mengunarvarnir.

- 4.1 Innra eftirlit með eigin starfsemi skal viðhaft í þeim tilgangi að tryggja að kröfur í starfsleyfi eða í reglugerðum séu uppfylltar sbr. 3.6. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Skrá skal á skilvirkan hátt og geyma upplýsingar um eftirfarandi þætti starfseminnar:
  - a) Gögn um magn og tegund skota, leirdúfa ofl. mengandi efni sem notuð eru við starfsemina.
  - b) Förgun úrgangs s.s. skothylkja, leirdúfa og annað sem til fellur og magn þess.
  - c) Óhöpp sem kunna að verða.
  - d) Kvartanir og/eða athugasemdir sem berast.
- 4.2 Þar sem blý og aðrir þungmálmur úr skothylkjum, leirdúfum ofl. geta dreifst skal leggja yfirborðslag úr jarðefni s.s. leir, sem bindur vel þungmálma og er auðhreinsanlegt. Skotvellingir þar sem einungis eru notuð stálskot eru undanþegnir þessu ákvæði. sbr. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Óheimilt er að nota leirdúfur með tjörubindiefni og leitast skal við að nota leirdúfur með sem minnstu innihaldi af PAH eða öðrum mengandi efnum sbr. ákvæði reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.
- 4.3 Hættuleg efni skulu meðhöndluð af varúð og þess gætt, að þau berist ekki í niðurföll né geti á annan hátt valdið umhverfisskaða eða heilsutjóni almennings sbr. ákvæði 11. gr. reglugerðar nr. 737/2003 um úrgang og reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni. Gámum og öðrum ílátum undir úrgang skal haldið heilum og þrífalegum sbr. ákvæði reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.
- 4.4 Ef heilbrigðisnefnd telur nauðsynlegt að gera úttekt á þungmálmamengun frá skotvellingum þá skal Skotfélagið Markviss kosta slíka athugun. Yfirborðslagið skal hreinsa áður en þungmálmamengun berst niður úr því sbr. ákvæði reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Leitast skal við að nota stálskot eða önnur vistvænni skot en blýskot og skotvellingir þar sem einungis eru notuð stálskot eru undanþegnir ákvæði 3.4. í starfsleyfinu.
- 4.5 Úrgangur sem flokkast sem spilliefni, sbr. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs skal geyma í aðskildum umbúðum og merkja sérstaklega. Við hvert skotstæði/völl skal vera sorpílát fyrir tóm skothylki vel merkt.
- 4.6 Fyrirtækið ber ábyrgð á slysavörnum á sínu athafnasvæði. Takmarka skal umferð óviðkomandi um skotvöll og girða hann í samráði við skipulagsyfirling. Starfsleyfishafi skal setja sér reglur um viðbrögð við mengunaróhöppum.

#### 5. Hávaðavarnir og öryggismál

- 5.1 Takmarka skal útbreyðslu hávaða frá starfseminni eins og kostur er, t.d. með notkun hljóðísogsefna, hljóðmana, veggja, klefa eða annarra hindrana. Hávaði við lóðarmörk skal ekki fara yfir tilgreind viðmiðunarmörk fyrir hávaða frá atvinnustarfsemi, sbr. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða. Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra mun leita leiða til að meta hávaða eftir bestu fánlegu tækni sbr. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.
- 5.2 Starfsleyfishafa er skylt að gera allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir heilsu-spillandi hávaða og ónæði af völdum hávaða eða truflað umferð t.d. með notkun hljóðísogsefna, svo sem hljóðmana, veggja, klefa, viðvörunarflögg eða annarra hindrana. Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra getur takmarkað opnunartíma, eða gert ítarlegar kröfur um hávaða- eða öryggisvarnir ef starfsemin veldur ónæði í umhverfinu umfram það sem eðlilegt má teljast.
- 5.3 Huga skal að skotstefnu þannig að hún beinist frá íbúðabyggð eða almennri umferð til að minnka eins og kostur er ónæði af völdum hávaða eða ógn við umferð vegfarenda.